

Reglur Vestmannaeyjabæjar um ferðapjónustu.

I. KAFLI

Markmið

1. gr.

Markmið ferðapjónustu er að gera þeim sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og þurfa nauðsynlega vegna fötlunar sinnar á akstursþjónustu að halda til að geta stundað vinnu og nám eða sótt þjónustu á sérhæfðar þjónustustofnanir skv. 1.- 4. tölul. 9. gr. laga nr. 59/1992. Sérhæfðar þjónustustofnanir skv. framansögðu eru hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistunarstofnanir fatlaðraverndaðir vinnustaðir, leikfangasafn og skammtímavistun. Þetta á einnig við um aðrar þjónustustofnanir sem eru fötluðum nauðsynlegar en ekki eru sérstaklega tilgreindar í lögnum.

Réttur til þjónustu

2. gr.

Lögboðin ferðapjónusta er eingöngu til afnota fyrir þá íbúa Vestmannaeyja sem heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og sannanlega þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast á milli staða.

Hafi aðili sem orðinn er 67 ára áður fengið ferðapjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 á hann rétt á þjónustunni áfram á meðan þörf krefur.

Rétt til ferðapjónustu eiga þeir íbúar Vestmannaeyjabæjar sem eru:

- a) Hreyfihamlaðir eða bundnir hjólastól
- b) Blindir
- c) Geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna annarar fötlunar og hafa ekki aðgang að farartæki.

Ellilífeyrisþegar sem nýta sér dagvist aldraðra Hraunbúðum og tómsundur á Hraunbúðum geta sótt um ferðapjónustu. Þeir sem sækja dagvistun geta jafnframt sótt um akstur í sjúkrahjálfun (að hámarki 36 ferðir) og til læknis. Umsókn er metin út frá liðum a – c hér að framan.

Stjórn og yfirstjórn

3. gr.

Fjölskylduráð Vestmannaeyja fer með stjórn ferðapjónustu á vegum Vestmannaeyjabæjar. Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs hefur yfirumsjón með ferðapjónustunni. Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðsins hafa faglega ábyrgð á þjónustunni þ.m.t. mat á þjónustubörf.

II. KAFLI

Forgangur ferða og þjónustutími

4. gr.

Ferðir til vinnu og skóla ganga fyrir öðrum ferðum. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, frá A til B, en ekki akstur fram og tilbaka. Þjónustutími er virka daga frá kl. 7.30 – 17.30

Umsóknarferli og úthlutanir

5. gr.

Umsókn um ferðaþjónustu skal senda til fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar, Ráðhúsinu, 900 Vestmannaeyjum. Skila þarf skriflegri umsókn á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má í afgreiðslu Ráðhússins. Læknisvottorð þarf ávallt að fylgja umsókn til að staðfesta fötlun umsækjanda eða skort á getu hans til að nýta sér almenningsfarartæki.

Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skulu koma fram upplýsingar um umsækjandi hafi umráð yfir bifreið.

Umsóknir þjónustuþega eða forráðamanna þeirra um breytingu á akstursþjónustu skulu berast fjölskyldu- og fræðslusviðs til afgreiðslu á sama hátt og um frumumsókn væri að ræða. Með sama hætti er það á ábyrgð þjónustuþega eða forráðamanna hans að segja upp þjónustu þegar hennar er ekki lengur þörf. Sé þjónustu ekki sagt upp er innheimt fyrir hverja ferð skv. reglum.

Ferðum er að jafnaði úthlutað þrisvar sinnum á ári;

- í desember fyrir tímabilið janúar - maí
- í maí fyrir tímabilið júní – ágúst
- í ágúst fyrir tímabilið september - desember.

Endurnýja þarf umsókn fyrir hvert tímabil, í desember, maí og ágúst.

Afgreiðsla umsókna

6. gr.

Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Vestmannaeyjabæjar. Starfsmenn skulu við ákvörðun hafa hliðsjón af stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og gæta þeirra meginreglna sem þar koma fram.

Tímabil samþykktar

7. gr.

Úthlutunartímabil ferðapjónustu eru þrjú á hverju ári. 1. janúar – 31. maí, 1. júní – 31. ágúst og 1. september – 31. desember.

Samningur um þjónustu

8. gr.

Þegar umsókn um ferðapjónustu hefur verið samþykkt fær verktaki ferðapjónustunnar upplýsingar um samþykktan akstur umsækjanda og getur ferðapjónustan hafist. Jafnframt fær umsækjandi upplýsingar um samþykktan akstur.

Þjónustusvæði og fyrirkomulag þjónustu

9. gr.

Þjónustusvæði ferðapjónustunnar miðast við mörk sveitarfélagsins. Akstur miðast við að og frá anddyri og skal verktaki veita þjónustuþega aðstoð eftir þörfum. Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma.

Ekki er tryggt að bíll bíði sé farþegi ekki tilbúinn. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega.

Ferðapjónusta fatlaðra og aldraðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir töfum og breytingum á áætlun.

Aðstoð við farþega

10. gr.

Starfsmenn stofnana sem þjónusta börn skulu tryggja að börnin séu tilbúin til brottfarar á umsömdum tíma og taka á móti þeim við komu, í og úr bíl.

Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda ökumanni eða öðrum farþegum óþægindum, getur ferðapjónustan krafist fylgdarmanns með honum.

Gjaldskrá

11. gr.

Fyrir ferðapjónustu á vegum Vestmannaeyjabæjar skal greiða gjald fyrir hverja ferð, frá A-B, að upphæð kr. 250,- Viðkomandi gjald hækkar samkvæmt vísitölu launa og neysluverðs á 6 mánaða fresti. Undanþegið gjaldtöku er akstur fyrir þá er falla undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Hafi ferðapjónusta krafist fylgdarmanns með þjónustuaðila sbr. 9. gr. hér að framan í ljósi þess að farþegi geti ekki ferðast einsamall er ekki greitt fyrir fylgdarmann.

Afpöntun ferða skal vera með eins góðum fyrirvara og mögulegt er, þó minnst 3. klst. fyrirvara, að öðrum kosti teljast þær ferðir með í uppgjóri. Reikningur vegna ferðapjónustu er sendur út eftir 10. hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan.

III. KAFLI

Málskotsréttur

12. gr.

Þar sem starfsmenn fjölskylduráðs hafa umboð til að taka ákvörðun um úthlutun ferðabjónustu skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð Vestmannaeyjabæjar fjalli um umsóknina.

Áfrýjun

13. gr.

Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskylduráðs Vestmannaeyjabæjar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð Vestmannaeyjabæjar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Gildistími

14. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 , 3. lið 13.gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

*Samþykkt á 47. fundi fjölskyldu- og tómstundaráðs 29. júlí 2009.
Staðfest í bæjarstjórn 24. september 2009.*